

Egbert Sigfusson
Egbert Sigfusson
Egbert Sigfússon,

síðast prestur til Selvogspinga, var fæddur á Eyrarbakka 22. júní 1840. Hann var sonur Sig-



Sjera Egbert Sigfússon 1867.

fúsar trjesmiðs Guðmundssonar (alment nefndur Sigfús »snikkari») og Jarprúðar Magnúsdóttur, er lengi hjuggu á Skúmstöðum á Eyrarbakka. Sigfús dó 9. janúar 1877, 74 ára að aldri, og var hann alkunnur húsasmiður á sinni tíð eystra, en sjerstaklega þó kirkjusmiður. Dóttir þeirra hjóna var Þóra, kona Eggerts bónda Einarssonar í Vaðnesi í Grímsnesi.

Eins og þá var titt, ritaði sjera Egbert æfisögu sína (vita) á latínu, þá er hann vígðist, og hljóðar hún þannig:

»Ego Egbert Sigfússon natus sum in emporio Eyrarbakka, in toparchia Arnesensi, die 22 Junii 1840, parentibus fabro lignario Sigfús Guðmundsson et Jarprúður Magnúsdóttir. Usque ad annum quintum decimum apud parentis vixi. Hoc anno in scholam Reykjavicanam sum admissus, quam sex annos frequentavi. Proximis sequentibus duobus annis, theologiæ studebam in Reykjavicano seminario pastorali, et inde anno 1863 dimissus sum, caractere: 'Haud illaudabilis primi gradus'. Post hoc tempus pueros docui, in tribus emporiis: Keflavicæ, duo annos; Husavicæ, tres annos; Eyrarbakka, unum annum, donec hoc anno sacerdotium accepi, et heri

24. Aug. Odin. 1928. 7 bl. 66-68

ordinatus sum, a summo venerando episcopo Islandiæ, dr. P. Petri filio.

Reykjavicæ, die 30. Augusti 1869.

Egbert Sigfússon.

»Viðbætir (ritaður löngu síðar):

Þann 7. október 1869 kom jeg að Hofi á Skagaströnd. Þaðan fór jeg í ágúst 1872 að Klausturhólum; þar var jeg í 12 ár og kom hingað að Vogsósum þann 6. júní 1884.

Kunnugur maður, Helgi Jónsson, sem lengi var verslunarstjóri í Þorlákshöfn, lýsir sjera Egbert og viðkynningu sinni við hann þannig:

»Jeg kyntist sjera Egbert fyrst um 1890. Góð vinátta tókst brátt með okkur og hjelst alla tíð upp frá því. Sjera Egbert var mjög fræðandi; hafði einkum yndi af að tala um söguleg efni og málfræði. Var hann einkum stálminnugur á ártöl. Hann mun og hafa verið stálsleginn í grísku og latínu.

Jeg minnst þess, að hann sagði einu sinni við mig, að þýskur prófessor hefði komið til sín að Vogsósum og þeir átt tal saman á latínu.

»En hann flaskaði einu sinni á því«, sagði sjera Egbert, »að nota þolfall í stað þágufalls. Ekki var það gott!«

Sjera Egbert var töluvert spjchræddur; hann var langskemtilegastur þar sem 3 eða 4 voru



Sjera Egbert Sigfússon 1893.

aman komnir og þá sjerstaklega væri ofurlítið «tár» til hressingar. Hann var meinsyndinn, ef það fór. Aldrei sá jeg hann reidast, en honum

gat orðið þungt í skapi, ef honum mislíkaði við »skúmana«.

Hann hataði fláttskap og hræsni og hafði viðbjóð á hjegómaskapnum; var frábitinn illu umtali, en gat stungið óþægilega á kaunum þeirra, sem reyndu að narta í hann.

Í öllum viðskiftum var sjera Eggert hinn áreiðanlegasti og ósínkur mjög. Hann var góður ræðumaður, en talaði sjaldan lengur en fjórðung stundar; framburðurinn var ekki að því skapi góður.

Jeg á nokkur brjef frá sjera Eggert, er sýna, hve stuttorður en gagnorður hann var. Í stuttu máli: Jeg geymi hinar bestu minningar um kynni mín af sjera Eggert, og get sagt, að vinatta hans var mjög til gleði og ánægju alla tíð.

Frú Hólmfríður Snorradóttir, sem nú býr að Vogsósum, hefur látið þessa getið um sjera Eggert:

»Jeg var samtíða sjera Eggert Sigfússyni síðasta missirið sem hann lifði. Hann var þá orðinn talsvert lasburða og þurfti því meiri aðhjúkrunar en áður; fyrir því komst jeg, sem húsmóðir hans, í nokkru nánari kynni við hann en aðrir á heimilinu og fann þá oft, hve góðan mann hann hafði að geyma, að hann var maður, sem í engu mátti vamm sitt vita, en vildi öllum vel. En sjerkennelegur var hann í hugsun og hálterni og því mun hann hafa verið mis-skilinn af mörgum, svo sem alltítt er um þá menn, er eigi binda bagga sína sömu hnútum og samferðamenn. Hann mun hafa átt allstrangt uppeldi í æsku og því orðið nokkuð dapurri í huga en ella, er hann sá ýmsa vankanta á mönnum og málefnum í lifinu og þá ekki sist þeim, er mikið bærust á og ljetu lítið gott af sjer leiða, en »þóttust menn, en voru ekki«. Stærilæti, mont og hroka hataði hann og var oft meinfyndinn og bituryrtur í þann garð, svo og þeirra, er virtu þessa heims gæði framar öllu öðru, en hirtu minna um að auðga sín sína að góðum hugsunum og göfugu liferni til orða og verka.

Óeigingjarnari mann getur varla en sjera Eggert var, því hann mátti ekkert aumt sjá og gaf lasburða fólki og fátæklingum oftast af sínum litlu efnum en menn höfðu af að segja. Þá er menn áttu að greiða skyldugjöld sín til hans, t. d. skirnartolla, var hann oft vanur að segja

við þá: »Nei, jeg tek ekki við þessu; hafðu það til þess að kaupa þjer í skyrtu handa barninu þínu, eða brauðmola handa konunni; þau þurfa þess máské með, en jeg á nóg!«

Sjera Eggert átti engin börn og giftist aldrei — en sagt var, að hann hafi þó átt sín ástaræfintýri, sem flestir aðrir, og að þau hafi m. a. átt þátt í því, hve líf hans varð einmanalegt — og að hann fór á mis við þá ánægju og umönnun, sem góð kona og kær börn veita. Hann hafði því lengstum lítið af hluttekningarsemi og hlýju heimilislífsins að segja, en var oftast einmana og að miklu leyti upp á aðra kominn með alla hjálpu og hirðusemi á sjer og sínu.

Sjera Eggert var albragðs góðum gáfum gæddur, vel mentaður, rikur í lund, en þó viðkvæmur og ætlaði engum manni ilt. Það má því nærri geta, hversu erfitt það hefur verið fyrir slíkan mann, að semja sig að hugsun og hálterni annara manna, sem máské voru honum gjörólikir að skapferli og í skoðunum.

Sjera Eggert Sigfússon dó 12. október 1908, rúmlega 68 ára að aldri. Hann var þá að koma frá messugerð að útkirkju sinni í Krýsuvík og hnje örendur niður við túnfótinn á Vogsósum. Hafði hann oftast en einu sinni, þá um sumarið, látið þess getið við heimilisfólkið á Vogsósum, að hann mundi ekki eiga langt eftir og að brátt mundi verða um sig.

Hann liggur grafinn að Strönd í Selvogi.


Reykjavík, 22. júní 1928.

Jón Pálsson.

"Ótími" XXIV ág. 1928 jan.-sept.
1-9 hl. les. 66-68

Eggert Sigfússon,

siðast prestur til Selvogspinga, var fæddur á Eyrarbakka 22. júní 1840. Hann var sonur Sig-



Sjera Eggert Sigfússon 1867.

fúsar trjesmiðs Guðmundssonar (alment nefndur Sigfús »snikkari«) og Jarprúðar Magnúsdóttur, er lengi bjuggu á Skúmsstöðum á Eyrarbakka. Sigfús dó 9. janúar 1877, 74 ára að aldri, og var hann alkunnur húsasmiður á sinni tíð eystra, en sjerstaklega þó kirkjusmiður. Dóttir þeirra hjóna var Þóra, kona Eggerts bónda Einarssonar í Vaðnesi í Grimsnesi.

Eins og þá var titt, ritaði sjera Eggert æfisögu sína (vita) á latínu, þá er hann vigðist, og hljóðar hún þannig:

»Ego Eggert Sigfússon natus sum in emporio Eyrarbakka, in toparchia Arnesensi, die 22 Junii 1840, parentibus fabro lignario Sigfús Guðmundsson et Jarprúður Magnúsdóttir. Usque ad annum quintum decimum apud parentis vixi. Hoc anno in scholam Reykjavicanam sum admissus, quam sex annos frequentavi. Proximis sequentibus duobus annis, theologiæ studebam in Reykjavicano seminario pastorali, et inde anno 1863 dimissus sum, character: 'Haud illaudabilis primi gradus'. Post hoc tempus pueros docui, in tribus emporiis: Keflavicæ, duo annos; Husavicæ, tres annos; Eyrarbakka, unum annum, donec hoc anno sacerdotium accepi, et heri

ordinatus sum, a summo venerando episcopo Islandiæ, dr. P. Petri filio.

Reykjavicæ, die 30. Augusti 1869.

Eggert Sigfússon.

»Viðbætur (ritaður löngu síðar):

Þann 7. október 1869 kom jeg að Hofi á Skagaströnd. Þaðan fór jeg í ágúst 1872 að Klausturhólum; þar var jeg í 12 ár og kom hingað að Vogsósum þann 6. júní 1884.

Kunnugur maður, Helgi Jónsson, sem lengi var verslunarstjóri í Þorlákshöfn, lýsir sjera Eggert og viðkynningu sinni við hann þannig:

»Jeg kyntist sjera Eggert fyrst um 1890. Góð vinátta tókst brátt með okkur og hjelst alla tíð upp frá því. Sjera Eggert var mjög fræðandi; hafði einkum yndi af að tala um söguleg efni og málfræði. Var hann einkum stálminnugur á ártöl. Hann mun og hafa verið stálsleginn í grísku og latínu.

Jeg minnst þess, að hann sagði einu sinni við mig, að þýskur prófessor hefði komið til sín að Vogsósum og þeir átt tal saman á latínu. »En hann flaskaði einu sinni á því«, sagði sjera Eggert, »að nota þolfall í stað þágufalls. Ekki var það gott!«

Sjera Eggert var töluvert spjehraeddur; hann var langskemtilegastur þar sem 3 eða 4 voru



Sjera Eggert Sigfússon 1893.

saman komnir og þá sjerstaklega væri ofurlítið »tár« til hressingar. Hann var meinsyndinn, ef í það fór. Aldrei sá jeg hann reiðast, en honum

gat orðið þungt í skapi, ef honum mislíkaði við »skúmana«.

Hann hataði fláttskap og hræsni og hafði við-
bjóð á hjegómaskapnum; var frábitinn illu um-
tali, en gat stungið óþægilega á kaunum þeirra,
sem reyndu að narta í hann.

Í öllum viðskiftum var sjera Eggert hinn
áreiðanlegasti og ósinkur mjög. Hann var góður
ræðumaður, en talaði sjaldan lengur en fjórð-
ung stundar; framburðurinn var ekki að því
skapi góður.

Jeg á nokkur brjef frá sjera Eggert, er sýna,
hve stuttur en gagnorður hann var. Í stuttu
máli: Jeg geymi hinar bestu minningar um
kynni mín af sjera Eggert, og get sagt, að vin-
átta hans var mjer til gleði og ánægju alla tíð.

Frú Hólmfríður Snorradóttir, sem nú býr að
Vogsósum, hefur látið þessa gelið um sjera
Eggert:

»Jeg var samtíða sjera Eggert Sigfússyni síð-
asta missirið sem hann lifði. Hann var þá orð-
inn talsvert lasburða og þurfti því meiri að-
hjúkrunar en áður; fyrir því komst jeg, sem
húsmóðir hans, í nokkru nánari kynni við hann
en aðrir á heimilinu og fann þá oft, hve góðan
mann hann hafði að geyma, að hann var maður,
sem í engu mátti vamm sitt vita, en vildi öll-
um vel. En sjerkennelegur var hann í hugsun
og hálterni og því mun hann hafa verið mis-
skilinn af mörgum, svo sem allt er um þá
menn, er eigi binda bagga sína sömu hnútum
og samferðamenn. Hann mun hafa átt allstrangt
uppeldi í æsku og því orðið nokkuð dapurri í
huga en ella, er hann sá ýmsa vankanta á
mönnum og málefnum í lifinu og þá ekki sist
þeim, er mikið bærust á og ljetu lítið gott af
sjer leiða, en »þóttust menn, en voru ekki«.
Stærilæti, mont og hroka hataði hann og var
oft meinfyndinn og bituryrtur í þann garð, svo
og þeirra, er virtu þessa heims gæði framar
öllu öðru, en hirtu minna um að auðga sál
sína að góðum hugsunum og gðfugu liferni til
orða og verka.

Óeigingjarnari mann getur varla en sjera
Eggert var, því hann mátti ekkert aumt sjá og
gaf lasburða fólki og fátæklingum oftar af sin-
um litlu efnum en menn höfðu af að segja. Þá
er menn áttu að greiða skyldugjöld sín til hans,
t. d. skirnartolla, var hann oft vanur að segja

við þá: »Nei, jeg tek ekki við þessu; hafðu það
til þess að kaupa þjer í skyrtu handa barninu
þínu, eða brauðmola handa konunni; þau þurfa
þess mäske með, en jeg á nóg!«

Sjera Eggert átti engin börn og giftist aldrei
— en sagt var, að hann hafi þó átt sín áslar-
æfintýri, sem flestir aðrir, og að þau hafi m. a.
átt þátt í því, hve líf hans varð einmanalegt —
og að hann fór á mis við þá ánægju og um-
önnun, sem góð kona og kær börn veita. Hann
hafði því lengstum lítið af hluttekningarsemi
og hlýju heimilislífsins að segja, en var oftast
einmana og að miklu leyti upp á aðra kominn
með alla hjálp og hirðusemi á sjer og sínu.

Sjera Eggert var albragðs góðum gáfum gædd-
ur, vel mentaður, rikur í lund, en þó viðkvæm-
ur og ætlaði engum manni ilt. Það má því
nærri geta, hversu erfitt það hefur verið fyrir
slikan mann, að semja sig að hugsun og hál-
terni annara manna, sem mäske voru honum
gjörólikir að skapferli og í skoðunum.

Sjera Eggert Sigfússon dó 12. október 1908,
rúmlega 68 ára að aldri. Hann var þá að koma
frá messugerð að útkirkju sinni í Krýsuvík og
hnje örendur niður við túnfótinn á Vogsósum.
Hafði hann oftar en einu sinni, þá um sumarið,
látið þess gelið við heimilisfólkið á Vogsósum,
að hann mundi ekki eiga langt eftir og að brátt
mundi verða um sig.

Hann liggur grafinn að Strönd í Selvogi.

Reykjavík, 22. júní 1928.

Jón Pálsson.